

Félag eldri borgara á Akureyri

7. stjórnarfundar EBAK, 27. nóvember 2019 kl. 13.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari, Birgir Björn Svavarsson, Garðar Lárusson, Nanna Þórsdóttir, Sigurður Harðarson og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

Fjarverandi: Egill Jónsson.

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fund kl. 13.15.
2. **Fundargerð til afgreiðslu.** 6. stjórnarfundur 24. október 2019. Samþykkt samhljóða.
3. **Skráning í dagbók** í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Margrét var 30. okt., ekkert gerðist. Egill var 6. nóv., ekkert gerðist. Garðar var 13. nóv., spurt var um árshátíð, ein umsókn. Birgir var 20. nóv., spurt um árgjaldið.
4. **Viðvera á skrifstofu:** 27. nóv. Sigurður; 4. des. Nanna; 11. des. Torfhildur; 18. des. Hallgrímur.
5. **Næsti stjórnarfundur:** Tillaga um miðvikudaginn 11. desember nk. kl. 13:00-15:00. Gestir: Fulltrúar EBAK í öldungaráði, kl. 14:00. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. **Verkefni milli stjórnarfunda:**
 - a) **Endurnýjun samninga við Akureyrarbæ.** Beiðni EBAK frá 26. september sl. um 1.200 þúsund kr. aukningu á framlagi bæjarins vegna launabreytinga var samþykkt í bæjarstjórn 5. nóvember sl. og verður viðauki við samninginn. Engar aðrar breytingar voru gerðar.
 - b) **Spjaldtölvukynningar.** Eitt námskeið hefur verið haldið frá síðasta stjórnarfundum. 2-3 hafa mætt í hvert skipti í haust. Ákveðið var að halda áfram eftir áramót.
 - c) **Dansklúbbur.** Hópurinn hefur komið saman þrisvar sinnum á önninni og er eitt skipti eftir fyrir áramót. Nokkrir nýir einstaklingar eru að koma inn í klúbbinn.
 - d) **Notendaráð.** Formaður notendaráðs kom á fund FKR 22. nóvember sl. og skýrði frá stöðunni. Vilji ráðsins er að vinna meira með okkur í Bugðusíðu. Þjónustulund er með mismunandi móti í félagsmiðstöðvunum.
 - e) **Myndaalbúm á Minjasafnið.** Margrét fór með myndir frá stofnfundi EBAK, í tveimur albúmum, inn á minjasafn til varðveislu.
 - f) **Starfið í Bugðusíðu.** Dóra fór yfir dagskrána í desember. Nauðsynlegt er að skipuleggja bakhóp til afleysinga. Margrét stakk upp á fá 6 manns í slíkan hóp, sem skipti með sér verkum. Best væri að fá þann sjöunda úr stjórn. FKR var falið að afgreiða málið.
7. **Námskeiðahald á vorönn:**
 - a) **Matreiðslunámskeið.** Áfram í vinnslu.
 - b) **Skriðsundsnámskeið 2.** Ekki tókst að fá þátttöku á annað námskeið, en gert er ráð fyrir að auglýst verði aftur eftir áramót.
 - c) **Dansnámskeið.** Ekkert hefur verið ákveðið.
8. **Félagsskírteini og innheimta árgjalda.** Send voru 37 ítrekunarbref til þeirra sem ekki höfðu greitt árgjaldið og voru góð viðbrögð við því. Garðar er búinn að prenta út 1607 félagsskírteini. Stjórnarmenn fengu sín skírteini afhent. Ákveðið var að nýta viðburði í félagsmiðstöðvunum til dreifingar og einnig að auglýsa afhendingartíma þar. Þriðjudaginn 10. desember kl. 13-16 munu Dóra, Sigurður og Haukur afhenda skírteini í Bugðusíðu og á sama tíma fimmtudaginn 12. afhenda Garðar, Birgir og Hallgrímur skírteini í Víðilundi. Rætt var um árgjaldið, en augljóslega þarf að hækka það á næsta aðalfundi. Einnig var rætt um skráningu í félagaskrá,

sem núna fer fram í EXCEL, en engin framtíð er í að nota það kerfi. Hugsanlega mætti færa skrána yfir í svokallað Nóra kerfi.

9. **Ferðir á milli félagsmiðstöðva.** Verið er að hengja upp auglýsingu vegna leigubíla. Eftir er að hengja hana m.a. upp í Boganum.

10. Undirbúningur aðalfundar.

a) **Bréf til nefndaformanna.** Margrét sendir tölvupóst á allra næstu dögum og verður síðasti skiladagur 10. janúar. Rætt var um dagsetningu aðalfundar. Ársfundur LEB verður 22. apríl á Selfossi.

b) **Tillögur til breytinga á samþykktum.** Hallgrímur fór yfir drög að breytingatillögum. Hann sendir tillögur til stjórnarmanna aftur eftir umræður á fundinum. Lagt er til að breytingar verði gerðar á 1., 2., 3., 5., 6. og 11. grein.

11. **40 ára afmæli EBAK 3.10.2022.** Hallgrímur hefur heimsótt Héraðsskjalasafnið og farið yfir fyrstu fundargerðir félagsins. Rætt var um að skrá sögu félagsins og birta hana í afmælisriti, einnig að koma úrdrætti úr sögunni í LEB blaðið og jafnvel víðar. Ákveðið var að skipa afmælisnefnd á næsta aðalfundi.

12. **Fyrirhugaður flutningur Punktsins.** Áætlað er að flytja Punktinn úr Rósenborg upp í Víðilund 22 og jafnframt loka aðgengi úr blokkaríbúðunum þar beint inn í þjónustumiðstöðina. Mikil óánægja ríkir með þessa hugmynd og er nauðsynlegt að berjast á móti henni af öllu afli. Málið var rætt fram og til baka.

13. Önnur mál:

a) **Pátttökuskráning.** Margrét sagði frá því að 1341 hefðu mætt í félagsmiðstöðina í Bugðusíðu frá 1. til 20. nóvember.

14. **Fundarslit.** Formaður sleit fundi kl. 16.35.

Fundargerði ritaði Hallgrímur Gíslason.